



Borgarráð

Ráðhúsinu
101 REYKJAVÍK

Á fundi borgarstjórnar 2. apríl 2019 var samþykkt að vísa svohljóðandi tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins til meðferðar menningar-, íþróttar- og tómsfundaráðs:

Borgarstjórn samþykkir að styðja við íþróttafélögin í Reykjavík að koma á fót rafíþróttadeildum innan félaganna. Þannig er lagt til að borgin styrki við og styrki þau félög sem hafa hug á að koma á fót rafíþróttadeildum. Þá er jafnframt lagt til að iðkendur geti nýtt sér frístundakort Reykjavíkur líkt og með aðrar íþróttagreinar í samræmi við reglur um frístundakortið. Menningar-, íþróttar- og tómsfundaráði Reykjavíkurborgar verði falin nánari útfærsla á stuðningi borgarinnar við íþróttafélögin.

Á fundi menningar-, íþróttar- og tómsfundaráðs 13. maí 2019 var tillagan lögð fram og samþykkt.

Á fundi menningar-, íþróttar- og tómsfundaráðs 24. júní 2019 var eftirfarandi tillaga samþykkt:

Samþykkt að Íþróttar- og tómsfundasvið auglýsi eftir styrkjum til að aðstoða við stofnun rafíþróttadeild innan Reykjavíkur. Fylgt skal styrkjareglum borgarinnar varðandi verkefnaáætlanir og tengsl við aðrar stefnur borgarinnar. Umsóknarfrestur skal vera til 10. júlí. Íþróttar- og tómsfundasviði er falið að gera tillögur að styrkjaúthlutun til borgarráðs en sviðinu er heimilt að leita eftir umsögnum og álitum Íþróttabandalags Reykjavíkur. Heildarstyrkuppþæð skal að hámarki nema 2 mkr. sem tekið skal af ónýttum styrkjum ársins 2019 og gert er ráð fyrir að hámarki 1-3 verkefni skuli hljóta styrk.

Á fundi menningar-, íþróttar- og tómsfundaráðs 9. september 2019 var eftirfarandi tillaga samþykkt.

Í framhaldi af samþykkt ráðsins frá 24. júní 2019 um að auglýst skuli eftir umsóknum um styrki vegna stofnun rafíþróttadeilda í Reykjavík þá er lagt til við borgarráð að KR, Fylkir og Ármann fái hvert um sig 660.000 kr. í styrk til að aðstoða við stofnun rafíþróttadeilda. Kostnaðarstaður I1910.

Samþykkt.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Miðflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Miðflokksins Baldur Borgþórsson og Sjálfstæðisflokksins Katrín Atladóttir lögðu fram eftirfarandi bókun:

Í dag eru fimm mánuðir síðan lögð var fram tillaga að frumkvæði Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn um að Reykjavíkurborg styddi íþróttafélögin í Reykjavík við að koma á fót rafíþróttadeildum innan félaganna. Tillagan var samþykkt einróma í borgarstjórn og ljóst að vilji borgarfulltrúa stóð til þess að þetta verkefni yrði unnið sómasamlega enda markmiðið göfugt að koma í veg fyrir félagslega einangrun og auka félagsfærni barna og ungmenna.

Ljóst er að þátttaka barna og ungmenna í íþróttastarfi getur haft mjög jákvæð áhrif á félagsfærni barna, ekki síst til framtíðar lítið. Rannsóknir hafa sýnt fram á þessi jákvæðu tengsl, en nauðsynlegt er að börn fái þjálfun í félagsfærni enda getur slík færni hjálpað þeim á öllum stigum lífsins, bæði í leik og starfi.

Það vekur því furðu hversu lítið fjármagn meirihlutinn í menningar-, íþrótt- og tómstundaráði ætlar sér að setja í málaflokkinn þegar vilji borgarstjórnar stendur algjörlega kýrskýr. Úr því að þessi staða er komin upp er e.t.v. rétt að skora á borgarstjórn að taka málið upp að nýju. Í greinargerðinni kom að kostnaðurinn við hvert félag yrði u.þ.b. 10 milljónir. Eins og máltækið segir þá skal orðum fylgja efndir; raunverulegur vilji og fjármagn.

Fulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar og Vinstri grænna lögðu fram eftirfarandi bókun:

Tillaga um 2 m.kr. stuðning í þágu rafíþróttar var samþykkt einróma á fundi MÍT þann 24. júní. Það er sérkennilegt að fulltrúar minnihlutans hafi ekki gert athugasemdir um heildarupphæðina á sínum tíma, en gera það hins vegar nú, þegar einungis er verið að taka ákvörðun um skiptingu hennar.

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins, Björn Gíslason vikur af fundi undir þessum lið.

Virðingarfyllst,



Ómar Einarsson,
sviðsstjóri.